

Gjaldskrá 2019 vegna leigu á verðbúðum við Dalvíkurhöfn

1. Leiga á verbúðunum er mismunandi eftir því á hvaða hæð rýmið er:

1 hæð 246 kr pr. ferm.
2 hæð 191 kr pr. ferm.
3 hæð 146 kr pr. ferm.

2. Fast árlegt gjald vegna vatnssölu í verbúðum er kr. 2.467 .

Reglur um útleigu á atvinnuhúsnæði í eigu Hafnasjóðs Dalvíkurbyggðar

1. Atvinnuhúsnæði í eigu Hafnasjóðs Dalvíkurbyggðar eru verbúðir við Martröð. Í þeim eru bæði rými sem eru leigð fyrir atvinnustarfsemi og sem geymslur.
2. Að jafnaði er laust húsnæði auglýst á Hafnarvog og á heimasíðu Dalvíkurbyggðar.
3. Umsókn skal vera skrifleg á þar til gerðu eyðublaði. Þar komi fram hvaða starfsemi er fyrirhuguð í húsnæðinu og til hve langs tíma er óskað eftir leigu þess.
4. Að jafnaði ganga þeir fyrir með leigu sem eru með hafnsækna starfsemi og eiga lögheimili í sveitarfélaginu. Við þá sem ekki eru með hafnsækna starfsemi er gerður tímabundinn samningur með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Sérákvæði geta gilt um afnot leigjanda af húsnæðinu.
5. Yfirhafnarvörður úthlutar húsnæði í samræmi við ofangreint og gerir leigusamning við viðkomandi á eyðublaðið *Húsaleigusamningur um atvinnuhúsnæði* frá Íbúðalánasjóði. Ef upp kemur ágreiningur fer hafnastjórn yfir málið og úrskurðar.
6. Reikningar fyrir leigu eru sendir út mánaðarlega nema þar sem leiga er undir 10 þús. á mánuði, þá á tveggja mánaða fresti. Sett er þriggja mánaða trygging fyrir greiðslu vegna þeirra rýma þar sem leiga fer yfir 10 þús. pr. mánuð skv. innheimtuleglum Dalvíkurbyggðar og húsaleigulögum. Innheimta er í samræmi við reglur sveitarfélagsins. Motus.
7. Um breytingar á gjaldskrá vegna leigu á verbúðum: Gjaldskrá Hafnasjóðs Dalvíkurbyggðar er miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í september 2016 sem er 131,6 stig og breytist til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu tvisvar á ári, 1. janúar og 1. júlí ár hvert í fyrsta sinn 1. júlí 2017.

Við afgreiðslu á gjaldskrá verðbúðum við Dalvíkurhöfn fyrir árið 2017 var samþykkt eftirfarandi ákvæði:

„Um breytingar á gjaldskrá verðbúðum við Dalvíkurhöfn:

Gjaldskrá verðbúðum við Dalvíkurhöfn er miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í september 2016 sem er 131,6 stig og breytist til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu tvisvar á ári, 1. janúar og 1. júlí ár hvert í fyrsta sinn 1. júlí 2017. Allir gjaldskrárliðir sem taka til útselt tímagjalds skulu breytast miðað við launavístölu og er viðmiðunarvísitalan 1. ágúst 2016 sem er 583,4 stig. Aflagjald í gjaldskrá breytist ekki nema með sérstakri ákvörðun sveitarstjórnar.“

Nú um áramótin virkjast þetta ákvæði í gjaldskránni í annað sinn og er breyting á þeim liðum sem byggingarvísitala, desember 2017 er hún 136,1 stig desember 2018 er hún 141,6 stig nær til 4,04%.

Samþykkt í byggðaráði Dalvíkurbyggðar 29. nóvember 2018

Samþykkt í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar 18. desember 2018

Tekur gildi frá og með 1. janúar 2019

Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri